ANTIKVA EHF 2024

# Neðri-Botnar Seyðisfirði

## Fornleifaskráning vegna varnargarða

**Indriði Skarphéðinsson, Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner**





**Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.**

Forsíðumynd: Fornar tóftir [561] og [564]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson

www. antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-51-2

Verkefnanúmer MÍ: 3198

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Indriði Skarphéðinsson, Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner

# Efnisyfirlit

Inngangur ........ 10

Fornleifaskráning ........ 11

Skráningarsvæðið ........ 11

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 12

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 16

Minjanúmer ........ 16

Tegund, hlutverk og heiti ........ 16

Staðsetning ........ 16

Staðhættir og lýsing ........ 17

Hættumat ........ 17

Mótvægisaðgerðir ........ 17

Fornleifar á svæðinu ........ 18

Garður − matjurtagarður [3198-517] heimild ........ 18

Garðlag [3198-518] heimild ........ 18

Garðlag [3198-519] heimild ........ 19

Hús [3198-520] og [3198-521] heimild ........ 19

Matjurtagarður [3198-551] heimild ........ 19

Óþekkt [3198-558] tóft − húsgrunnur ........ 20

Garður [3198-559] garðlag ........ 20

Matjurtagarður [3198-512] heimild ........ 21

Matjurtagarður [3198-513] garðlag ..... 21
Matjurtagarður [3198-514] garðlag ..... 22
Matjurtagarður [3198-515] garðlag ..... 24
Byrgi [3198-516] tóft ..... 24
Óþekkt [3198-553] hleðsla ..... 25
Byrgi [3198-554] niðurgröftur og hleðsla ..... 25
Matjurtagarður [3198-522] heimild ..... 27
Matjurtagarður [3198-523] garðlög − jarðræktarsvæði ..... 28
Matjurtagarður [3198-524] garðlag − jarðræktarsvæði ..... 28
Skotgröf [3198-555] niðurgröftur ..... 29
Leið [3198-550] gata ..... 29
Brunnur [3198-526] vatnsból ..... 29
Vatnstankar – brunnhús [3198-527] vatnsból ..... 30
Matjurtagarður [3198-528] heimild ..... 31
Matjurtagarður [3198-525] heimild ..... 31
Grjóthrúgur [3198-548] og [3198-549] grjóthreinsun ..... 32
Grjóthrúga [3198-547] grjóthreinsun ..... 35
Grjóthrúga [3198-557] grjóthreinsun ..... 35
Herminjar [3198-552] tóft ..... 36
Grjóthrúga [3198-546] grjóthreinsun ..... 38
Grjóthrúga [3198-545] grjóthreinsun ..... 38

Girðingarstæði [3198-542] heimild ... 38
Hús [3198-529], [3198-530] og [3198-531] heimild ... 39
Hús [3198-532] heimild ... 39
Hús − braggi? [3198-534] heimild ... 39
Matjurtagarður [3198-533] heimild ... 40
Útihús [3198-535] heimild ... 40
Varða [3198-544] kennimark ... 41
Stífla [3198-543] hleðsla ... 42
Útihús [3198-536] tóft ... 44
Matjurtagarður [3198-538] jarðræktarsvæði ... 44
Óþekkt [3198-537] tóft ... 45
Hús [3198-562] húsgrunnur ... 45
Matjurtagarður [3198-563] garðlög ... 45
Útihús [3198-556] tóft ... 47
Útihús [3198-560] tóft ... 47
Óþekkt [3198-561] og [564] tóftir ... 48
Stekkur [3198-565] tóft ... 49
Sölvabotnar [3198-566] heimild ... 49
Hús − braggar [3198-539], [3198-540] og [3198-541] heimild ... 51
Samantekt og niðurstöður ... 52
Heimildir ... 54

Örnefnasafn – Árnastofnun ........ 54

## Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform á Austurlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands. ........ 14

Mynd 2. Tóft [3198-558]. ........ 19

Mynd 3. Garður [3198-559]. ........ 20

Mynd 4. Matjurtagarður [3198-513]. ........ 22

Mynd 5. Grjóthleðsla sem líklega hefur verið hluti af matjurtagarði [3198-514]. ........ 23

Mynd 6. Byrgi [3198-516]. ........ 24

Mynd 7. Hleðsla [3198-553]. ........ 25

Mynd 8. Byrgi [3198-554]. ........ 26

Mynd 9. Matjurtagarður [3198-522] á loftmynd frá 1955 (t.v.). Á loftmyndinni 2021 (t.h.) er hann horfinn undir skóg. ........ 27

Mynd 10. Möguleg skotgröf [3198-555]. ........ 28

Mynd 11. Hringlaga grjóthlaðinn brunnur [3198-526]. ........ 30

Mynd 12. Vatnsveita og vatnstankar eða brunnhús [3198-527]. ........ 31

Mynd 13. Grjóthrúga [3198-549]. ........ 33

Mynd 14. Grjóthrúga [3198-547]. ........ 34

Mynd 15. Grjóthrúga [3198-557]. ........ 35

Mynd 16. Grjóthrúga [3198-546]. ........ 36

Mynd 17. Tóft [3198-552] gæti verið frá tíma hersins. ........ 37

Mynd 18. Grjóthrúga [3198-548]. 37

Mynd 19. Vörðubrot [3198-544]. 41

Mynd 20. Stífla [3198-543]. 42

Mynd 21. Tóft [3198-536]. 43

Mynd 22. Matjurtagarður [3198-538]. 44

Mynd 23. Tóft [3198-537]. 45

Mynd 24. Útihúsatóft [556]. 46

Mynd 25. Tóft [560]. 47

Mynd 26. Horft beint niður á tóftir [561] t.v. og [564] t.h. Aflanga tóftin sést t.v. og aðra tóft má ef til vill greina t.h. 48

Mynd 27. Stekkur [565]. 49

Mynd 28. Þar sem hús [539], [540] og [541] stóðu er nú þýft svæði. 50

# Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu. .................................................... 2

Kort 2. Dreifing minja um skráningarsvæðið sem er innan rauðu línunnar. .......................... 11

Kort 3. Loftmynd frá árinu 1955. Matjurtagarðar [517], [518], [519] og [551] og hús [520] og [521] sem sjást á kortinu eru horfin. Tóft [558] og garðlag [559] eru hins vegar greinanleg á vettvangi. ......................................................................................................................... 18

Kort 4. Á loftmynd frá 1955 sjást matjurtagarðar [512], [513], [514] og [515]. .................... 21

Kort 5. Hér má sjá afstöðu varðveittra og horfinna minja. ..................................................... 23

Kort 6. Minjar um matjurtagarða [524], [523] og [555] og leið [550] sem liggur á milli þeirra. Matjurtagarður [522] er horfinn. ............................................................................................. 26

Kort 7. Matjurtagarðar sem sjást á loftmynd árið 1955 ásamt öðrum minjum sem fundust við skráningu. Matjurtagarðar [522] og [525] eru horfnir en móta sér fyrir matjurtagörðum [524] og [523], skotgröf [555], leið [550] og tóft [552]. .............................................................. 27

Kort 8. Brunnur [526], brunnhús eða vatnstankar [527] og horfinn matjurtagarður [528]...... 29

Kort 9. Matjurtagarður [525] er horfinn en minjar tóft [552] og grjóthrúgur [549] og [548] eru sýnilegar á vettvangi. ............................................................................................................. 32

Kort 10. Grjóthrúga [548]. ......................................................................................................... 33

Kort 11. Grjóthrúgur [547], [548], [557], [546] og [545] og horfið girðingarstæði [542]....... 34

Kort 12. Hús [529], [530], [531], [532], braggi [534] og girðingarstæði [542] eru horfin. Grjóthrúgur [557], [546] og [545] sjást á staðnum. ................................................................ 39

Kort 13. Hús [532] hefur horfið undir bílskúr. Matjurtagarður [533], girðingarstæði [542] og tóft [535] eru líka horfin. ........................................................................................................ 40

Kort 14. Tóft af útihúsi [536], matjurtagarður [538], tóft af óþekktu mannvirki [537], húsgrunnur [562] og garðlög við matjurtagarð [563]. ............................................................ 43

Kort 15. Tóftir [556] og [560]. ........................................................................................ 46

Kort 16. Staðsetning horfinna húsa [539], [540]  [541] t.v. .................................................... 50

Kort 17. Hús [539], [540] og [541] á loftmyndinni árið 1955. ................................................ 51

# Inngangur

Að beiðni Hugrúnar Hannesardóttur, fyrir hönd VSÓ Ráðgjafar, tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna fyrirhugaðra ofanflóðavarna í Neðri-Botnum undir hlíðum Strandartinds á Seyðisfirði.

Skráningin fékk verknúmerið 3198 hjá Minjastofnun Íslands.

Í heildina voru skráðar 55 minjar, þar af 33 sýnilegar á vettvangi en 22 einungis þekktar af heimildum. Af þessum minjum eru 46 taldar til fornleifa en meirihluti þeirra er sennilega frá 19. og 20. öld og gætu sumar verið yngri en 100 ára. Merkustu minjarnar eru tóftir [561] og [564] syðst á svæðinu sem líklega eru fornar. Vatnstankar eða brunnhús [527] frá tíma fyrstu vatnsveitunnar á Seyðisfirði hafa líka töluvert minjagildi. Einnig hefur stekkur [565] nokkurt minjagildi. Gæta þarf vel að þessum minjum.

Aðrar minjar á svæðinu hafa hins vegar lítið gildi en meðal þeirra má nefna matjurtagarða, garðlög, tóftir, húsgrunna og herminjar.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir stafrænn hnitagrunnur.

# Fornleifaskráning

Lítill hluti af svæðinu var skráður vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 2009.[1] Sú skráning náði þó ekki yfir allt svæðið sem er skráð núna og fullnægir auk þess ekki nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands. Þetta er því í fyrsta skipti sem gengið er skipulega um þetta svæði og leitað að minjum eins og krafist er núna. Allar minjar voru staðsettar og mældar upp á vettvangi.




**Kort 2. Dreifing minja um skráningarsvæðið sem er innan rauðu línunnar.**

# Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið er í Neðri-Botnum undir hlíðum Strandartinds og nær frá Búðará að Dagmálalæk. Það er austan megin í Seyðisfirði þar sem þarf að reisa fimm varnargarða til að

[1] Bjarki Borgþórsson og Ólafur Örn Pétursson, 2009.

verja byggðina fyrir skriðuföllum. Eins og ógleymanlegt er féll mikil aurskriða árið 2020 og hreif með sér hluta byggarinnar við austanverðan Seyðisfjörð en hún lenti á nyrsta hluta þessa svæðis.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem

þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.



561, Tóft Þórsmörk, Arkeologiska object

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Sérheiti | Þórsmörk |
| Bæjarnafn | Seyðisfjörður kaupstaður |
| minja-id | 3198-561 |
| eldraminja_id | ekki skráð áður |
| verkefna nr | 3198 |
| Jarðatal Johnsen | <None> |
| minjaheild | búsetuminjar |
| Tegund | tóft |
| Efni | Torf og grjót |
| Lengd | 29 meter |
| Breidd | 7.6 meter |
| vegghæð_frá | 0.20 m |
| vegghæð_til | 0.30 m |
| Breidd_vegg | 1 |
| Athugasemdir | |
| Umhverfi | gras- og mólendi |
| Aldur | 900-1800 |
| Skráning | Indriði Skarphéðinsson \| Ragnheiður Traustadóttir |
| Mæling | Uppmæling |
| Dagur | 16.07.2024 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | Mikil hætta |
| Hættuorso | <None> |
| Ástand | Illgreinanlegar |
| Verkefni | Fornleifaskráning Neðri botnar |
| Sveitarf | Múlaþing |
| Verndun | friðað |
| Minjagildi | Mikið |
| Mótvægisaðgerð | Könnunarskurð eða færa framkvæmdina frá |
| Hlutverk | Óþekkt |

**Mynd 1. Skráningarform á Austurlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir Seyðisfjörð. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst en annars með hlutverki, til dæmis matjurtagarður „[3198-515]", síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Múlaþingi.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um til dæmis hús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis matjutagarður [3198-512].

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Austurlands. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

### Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að máast í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa 17 fornleifar horfið eða sjást ekki á yfirborði og eru því eingöngu þekktar af heimildum.

### Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

# Fornleifar á svæðinu




**Kort 3. Loftmynd frá árinu 1955. Matjurtagarðar [517], [518], [519] og [551] og hús [520] og [521] sem sjást á kortinu eru horfin. Tóft [558] og garðlag [559] eru hins vegar greinanleg á vettvangi.**

## Garður – matjurtagarður [3198-517] heimild

Þar sem skriðan féll yfir byggðina á Seyðisfirði árið 2020 má á gömlum loftmyndum sjá nokkur mannvirki sem nú eru horfin. Umgirtur garður [517] sem opnast suður sést á loftmynd frá 1955 en ekki 1958. Líklega hefur þarna verið matjurtagarður en stærðin er um 28x16m. Ekki sést til garðsins í dag.

## Garðlag [3198-518] heimild

Fast austan við matjurtagarð [517] sést á loftmyndinni 1955 garðlag með stefnu suðvestur – norðaustur. Þarna féll skriðan árið 2020 og sést ekki til garðsins í dag.

### Garðlag [3198-519] heimild

Þétt vestan við matjurtagarð [517] má á loftmyndinni 1955 sjá garðlag með stefnu nokkurn veginn suður – norður. Þetta er á svæðinu sem skriðan fór yfir 2020 og garðurinn er horfinn.

### Hús [3198-520] og [3198-521] heimild

Neðan og vestan við garðlög [519] og [518] og matjurtagarð [517] sjást tvö hús á loftmynd frá árinu 1955. Bæði þessi hús hafa staðið á svæðinu sem skriðan lenti og sjást engar minjar um þau.

### Matjurtagarður [3198-551] heimild

Stór matjurtagarður [551] var vestan við garðlag [519], rétt fyrir utan svæðið þar sem skriðan féll árið 2020. Ekki sést til neinna minja.



**Mynd 2. Tóft [3198-558].**

## Óþekkt [3198-558] tóft − húsgrunnur

Tóft eða húsgrunnur er í skógrækt um 100m ofan við Hafnargötu, undir varnargörðum sem liggja meðfram Búðará. Þetta er vestan við þar sem matjurtagarður [551] var staðsettur. Tóftin er að mestu grafin inn í brekku og er grunnurinn um 3.5x4m að innanmáli og veggjahæð á bilinu 0.3-0.5m. Innan í grunninum var töluvert spýtnabrak en ekki er ljóst hvort það sé frá sama tíma og tóftin eða ekki. Hún stendur stutt ofan við hleðslu [559].

## Garður [3198-559] garðlag

Grjóthlaðinn garður er um 80m ofan við Hafnargötu, undir varnargörðum sem liggja meðfram Búðará. Hann er á bilinu 0.4-1.5m á hæð, 0.5-1m á þykkt og 40m langur. Garðurinn stendur stutt neðan við tóft [558].



**Mynd 3. Garður [3198-559].**




**Kort 4. Á loftmynd frá 1955 sjást matjurtagarðar [512], [513], [514] og [515].**

## Matjurtagarður [3198-512] heimild

Matjurtagarður sést greinilega á loftmyndum frá 1955 og 1958. Á myndinni sem var tekinn síðar virðist hann vera kominn úr notkun. Hann hefur verið um 26x12 m að stærð og staðsettur fast sunnan megin við annan matjurtagarð [513]. Matjurtagarður [512] er horfinn í skógrækt og sáust engin merki um hann á vettvangi.

## Matjurtagarður [3198-513] garðlag

Tvískiptur matjurtagarður er stutt innan við Búðará, þétt ofan við varnargarð sem liggur norður − suður frá ánni. Veggir garðsins einkennast af hrúgum nokkuð lítilla steina frekar en eiginlegum steinhleðslum. Stærð hans er 15x30m en hann skiptist í tvö misstór rými, það minna 10x15m og það stærra 20x15m. Vesturhlið garðsins hefur að hluta til horfið þegar

varnargarðarnir voru reistir. Matjurtagarðurinn er vel greinanlegur á loftmynd frá 1955 þar sem einnig má sjá horfna garðinn [512].



**Mynd 4. Matjurtagarður [3198-513].**

## Matjurtagarður [3198-514] garðlag

Matjurtagarður er undir Búðarárklettum spölkorn innan við Búðará og austan við matjurtagarð [513]. Hann er vel sjáanlegur á loftmynd frá 1955 en er nú að stórum hluta horfinn undir skógrækt. Aðeins vesturmörkin eru greinanleg á vettvangi en mikil grjóthleðsla er á um 40m kafla á þeirri hlið og myndar stall í hlíðinni. Við suðvesturhorn minjanna vex rabarbari.



**Mynd 5. Grjóthleðsla sem líklega hefur verið hluti af matjurtagarði [3198-514].**




**Kort 5. Hér má sjá afstöðu varðveittra og horfinna minja.**

## Matjurtagarður [3198-515] garðlag

Um 40x24m stór matjurtagarður sést á loftmynd frá 1955. Garðurinn er sunnan við matjurtagarð [514] og þeir eru samfastir. Á vettvangi sést þó í dag aðeins vesturhluti matjurtagarðsins. Tóftir [516] og [554] eru fast sunnan við garðinn.



**Mynd 6. Byrgi [3198-516].**

## Byrgi [3198-516] tóft

Tóft af byrgi er sunnan við matjurtagarð [515]. Hún er grasi gróin, staðsett á skógræktarsvæði undir Búðarárklettum, stutt frá minjum [514], [553] og [554]. Byrgið er um 6.5x5.5m að stærð, veggjahæð á bilinu 0.8-1.3m og veggjaþykkt á bilinu 0.5-1m. Veggir eru byggðir úr steypu sem steypt hefur verið við stóra steina sem standa við norður- og vesturveggi byrgisins. Inngangur í byrgið er norðan megin og við innanvert suðvesturhorn þess er um 0.5x0.5m steyptur opinn kassi. Líklega er hér um að ræða byrgi frá tíma hersins.



**Mynd 7. Hleðsla [3198-553].**

## Óþekkt [3198-553] hleðsla

Lítið hleðslubrot er um 4m ofan og austan við tóft [516]. Hleðslan er grasi gróin en sjá má 2-3 m háa steina hleðslu á rúmlega 1m kafla.

## Byrgi [3198-554] niðurgröftur og hleðsla

Austan við byrgi [516] og hleðslu [553] er annað byrgi, niðurgrafið inn í hlíðina með lágri L-laga hleðslu framan við innganginn. Það er um 5x3.5m að stærð og mjög heillegt. Innveggir eru hlaðnir úr grjóti. Lágt er til lofts og er innanrýmið um 1m á breidd og tæpir 2m að dýpt. Rýmið er styrkt með tréverki og liggur bárujárnsplata undir moldarþaki. Það opnast suður. Sennilega er þetta byrgi frá tíma hersins.



**Mynd 8. Byrgi [3198-554].**




**Kort 6. Minjar um matjurtagarða [524], [523] og [555] og leið [550] sem liggur á milli þeirra. Matjurtagarður [522] er horfinn.**



**Mynd 9. Matjurtagarður [3198-522] á loftmynd frá 1955 (t.v.). Á loftmyndinni 2021 (t.h.) er hann horfinn undir skóg.**

## Matjurtagarður [3198-522] heimild

Matjurtagarður sem sést á loftmynd frá 1955 er alveg horfinn undir skóg en mælist um 14x10m á loftmyndinni. Hann hefur verið undir Búðarárklettum suðaustan við matjurtagarða [514] og [515]. Ekki sést til garðsins í dag sennilega ekki verið grjótgarður í kringum hann.




**Kort 7. Matjurtagarðar sem sjást á loftmynd árið 1955 ásamt öðrum minjum sem fundust við skráningu. Matjurtagarðar [522] og [525] eru horfnir en móta sér fyrir matjurtagörðum [524] og [523], skotgröf [555], leið [550] og tóft [552].**

## Matjurtagarður [3198-523] garðlög − jarðræktarsvæði

Matjurtagarður er staðsettur á svæði þar sem ræktaður hefur verið skógur undir Búðarárklettum. Honum hefur að hluta til verið raskað af lágum varnargarði sem liggur meðfram læk sem fellur þar niður. Matjurtagarðurinn stendur þétt ofan og austan við matjurtagarð [524]. Um er að ræða fjögur nokkuð ógreinileg garðlög sem líklega hafa á einhverjum tímapunkti afmarkað tvískiptan matjurtagarð. Á loftmynd frá 1955 sést matjurtagarður á hluta svæðisins sem nú er horfinn að mestu leyti undir skóginn og varnargarðinn.

## Matjurtagarður [3198-524] garðlag − jarðræktarsvæði

Matjurtagarður er vestan við matjurtagarð [523] á skógræktarsvæðinu undir Búðarárklettum. Honum hefur að hluta til verið raskað af lágum varnargarði sem liggur meðfram læk sem fellur þar niður. Hann er 8x10m á stærð með lágum, grjóthlöðnum veggjum. Minjarnar eru nokkuð illgreinilegar á vettvangi en sjást vel á loftmynd frá 1955.



**Mynd 10. Möguleg skotgröf [3198-555].**

### Skotgröf [3198-555] niðurgröftur

Niðurgröftur er á skógræktarsvæði undir Búðarárklettum, þétt við matjurtagarða [523] og [524]. Hann er tæplega 0.5m á dýpt og 1x1m að stærð. Ekki er ljóst hvert hlutverk hans hefur verið en mögulega er þetta skotgröf frá tíma hersins.

### Leið [3198-550] gata

Brot af leið liggur frá matjurtagarði [515] og byrgi [516] suðvestur milli matjurtagarða [523] og [524] og spottakorn áfram.




**Kort 8. Brunnur [526], brunnhús eða vatnstankar [527] og horfinn matjurtagarður [528].**

### Brunnur [3198-526] vatnsból

Brunnur er neðan við Búðarárkletta, nokkuð stutt ofan við varnargarð sem liggur norður – suður frá Búðará að götunni Bröttuhlíð. Um er að ræða hringlaga, grjóthlaðinn brunn

umhverfis litla lind sem vellur þarna upp. Þvermál hans er um 1.5m og stendur hann stutt ofan við steypt brunnhús [527].



**Mynd 11. Hringlaga grjóthlaðinn brunnur [3198-526].**

## Vatnstankar – brunnhús [3198-527] vatnsból

Vatnstankar eða brunnhús er neðan við Búðarárkletta, nokkuð stutt ofan við varnargarð sem liggur norður − suður frá Búðará að götunni Bröttuhlíð. Um er að ræða steypt brunnhús með þremur járnlokum efst. Brunnhúsið er um 11m að lengd og 3.5m á breidd og er að hluta niðurgrafið. Það stendur stutt neðan við brunn [526]. Vatnsveita kom á Seyðisfjörð við upphaf 20. aldar og tengist brunnhúsið mögulega henni. Það hefur töluvert minjagildi.




**Mynd 12. Vatnsveita og vatnstankar eða brunnhús [3198-527].**

## Matjurtagarður [3198-528] heimild

Á loftmynd frá 1955 sést 22x 14 m stór matjurtagarður við lóðamörk á Austurvegi 48B. Ekkert sést til garðsins í dag.

## Matjurtagarður [3198-525] heimild

Matjurtagarður sem er um 31x13 m að stærð sést á loftmynd frá árinu 1955 og hefur verið staðsettur suðaustan við matjurtagarð [523]. Ekkert sést þó til þessa matjurtagarðs [525] í dag.




**Kort 9. Matjurtagarður [525] er horfinn en minjar tóft [552] og grjóthrúgur [549] og [548] eru sýnilegar á vettvangi.**

## Grjóthrúgur [3198-548] og [3198-549] grjóthreinsun

Tvær grjóthrúgur eru inni í skógrækt neðan við Búðarárkletta, sunnan við herminjar [552] og matjurtagarð [525]. Syðri grjóthrúgan [548] er um 2.5x3.5m að stærð. Nyrðri grjóthrúgan [549] er um 2.5x3m að stærð. Líklega eru þetta minjar um grjóthreinsun í tengslum við matjurtagarðana á svæðinu en fjórar aðrar sams konar grjóthrúgur [545], [546], [547] og [557] voru skráðar á svæðinu.



**Kort 10. Grjóthrúga [548].**



**Mynd 13. Grjóthrúga [3198-549].**




**Kort 11. Grjóthrúgur [547], [548], [557], [546] og [545] og horfið girðingarstæði [542].**



**Mynd 14. Grjóthrúga [3198-547].**

## Grjóthrúga [3198-547] grjóthreinsun

Grjóthrúga er vestan við grjóthrúgu [548] inni í skógrækt neðan við Búðarárkletta. Hún er um 2x3m að stærð. Líklega eru þetta minjar um grjóthreinsun en samtals eru sex svona grjóthrúgur á svæðinu en hinar eru [545], [546], [549] og [557].



**Mynd 15. Grjóthrúga [3198-557].**

## Grjóthrúga [3198-557] grjóthreinsun

Sunnan við grjóthrúgu [547] er önnur svipuð grjóthrúga inni á skógræktarsvæðinu neðan Búðarárkletta. Hrúgan er um 1.5x2m að stærð. Líklega eru þetta minjar um grjóthreinsun en hrúgan er staðsett þétt við tvo skurði og hefur grjótið mögulega komið upp úr þeim. Þetta er þó sams konar grjóthrúga og aðrar á svæðinu sem ætla má að hafi orðið til við garðahreinsun. Hinar eru [545], [546], [548] og [549]. Minjagildi þeirra er lítið.



**Mynd 16. Grjóthrúga [3198-546].**

## Herminjar [3198-552] tóft

Tóft er í skógrækt undir Búðarárklettum og hefur verið staðsett í norðvesturhorni horfna matjurtagarðsins [525]. Hún er um 3.5x2.5 m að stærð og að hluta til niðurgrafin í hlíðina. Hún virðist vera opin til vesturs en innra rými hennar myndar stall í hlíðinni. Veggjahæð er á bilinu 0.1-0.3m og þykkt veggja 0.5-1m. Ryðgaðir járnstaurar liggja inni í tóftinni. Hún er ekki mjög forn að sjá og gæti mögulega verið frá tíma hersins.



**Mynd 17. Tóft [3198-552] gæti verið frá tíma hersins.**



**Mynd 18. Grjóthrúga [3198-548].**

### Grjóthrúga [3198-546] grjóthreinsun

Austan grjóthrúgu [557] er enn ein grjóthrúga í skógrækt neðan Búðarárkletta. Hún er um 2x2.5m að stærð. Líklega eru þetta minjar um grjóthreinsun en samtals fundust sex svona grjóthrúgur á skógræktarsvæðinu. Hinar eru [545], [547], [548] og [549].



### Grjóthrúga [3198-545] grjóthreinsun

Sunnan við grjóthrúgu [546] er sjötta og síðasta grjóthrúgan, líka staðsett í skógræktinni neðan við Búðarárkletta. Þessi grjóthrúga er um 1.5x2m að stærð og hefur líklega myndast við grjóthreinsun. Á svæðinu eru sex svona grjóthrúgur en hinar eru [547], [548], [549] og [557].

### Girðingarstæði [3198-542] heimild

Á loftmyndum frá 1955 og 1959 virðist mega greina langt girðingarstæði sem liggur í vinkil, fyrst beint í suðvestur og beygir síðan hornrétt í norðvestur. Grjóthrúgur [546] og [545] eru nú staðsettar sín hvoru megin við þar sem nyrðri endi þessa girðingarstæðis hefur verið. Ekkert girðingarstæði er þó lengur sýnilegt.




**Kort 12. Hús [529], [530], [531], [532], braggi [534] og girðingarstæði [542] eru horfin. Grjóthrúgur [557], [546] og [545] sjást á staðnum.**

## Hús [3198-529], [3198-530] og [3198-531] heimild

Vestan við girðingarstæði [542] sjást þrjú hús í röð á loftmyndum frá 1955 og 1958. Þau voru staðsett þar sem nú er endinn á götunni Baugsvegi. Húsin eru horfin.

## Hús [3198-532] heimild

Á loftmyndum frá 1955 og 1958 sést hús þar sem nú er bílskúr við Bröttuhlíð 10. Staðsetningin hefur verið suðvestan við girðingarstæði [542]. Augljóslega er húsið á loftmyndinni horfið undir bílskúrinn.

## Hús – braggi? [3198-534] heimild

Á loftmyndum frá 1955 og 1958 sést hús eða mögulega braggi þar sem nú er bakgarður við Bröttuhlíð 5. Húsið hefur staðið vestan við hús [532] en bæði eru horfin í dag.




**Kort 13. Hús [532] hefur horfið undir bílskúr. Matjurtagarður [533], girðingarstæði [542] og tóft [535] eru líka horfin.**

## Matjurtagarður [3198-533] heimild

Á loftmynd frá 1955 sést mjór kálgarður, 30x6 m að stærð, rétt austan við lóðamörk að Bröttuhlíð 10. Hann hefur verið staðsettur austan við hús [532] og sunnan við girðingarstæði [542] en í dag sést hvorki til hans né þeirra.

## Útihús [3198-535] heimild

Tóft sem líklega er af útihúsi sést á loftmynd frá 1955 austan við matjurtagarð [533]. Hún er þar um 5x5m að stærð og opnast í vestur. Ekki sést til hennar í dag.



**Mynd 19. Vörðubrot [3198-544].**

## Varða [3198-544] kennimark

Vörðubrot er á lágum mel í Neðri-Botnum. Varðan er hrunin og sokkin, um 0.2m að hæð og 1x1m að stærð. Óvíst er um aldur eða tilgang en engin leið er sýnileg. Þetta hefur væntanlega verið kennimark af einhverju tagi, kannski eyktarmark. Varðan stendur hátt og hefur sést langt að meðan hún var uppistandandi.



**Mynd 20. Stífla [3198-543].**

## Stífla [3198-543] hleðsla

Stífla er töluvert ofan og austan við vörðu [544], við suðurenda svokallaðrar Botnatjarnar. Þetta er í lágri dæld nokkuð innarlega í Neðri-Botnum. Hún er grjóthlaðin og grasi vaxin, um 25m á lengd og affall er frá henni þar sem lækurinn seytlar út til suðurs. Breidd stíflunnar er á bilinu 1-1.5m. Hún var byggð í þeim tilgangi að mynda sundlaug í tjörninni.




**Kort 14. Tóft af útihúsi [536], matjurtagarður [538], tóft af óþekktu mannvirki [537], húsgrunnur [562] og garðlög við matjurtagarð [563].**



**Mynd 21. Tóft [3198-536].**

## Útihús [3198-536] tóft

Grjóthlaðin tóft er staðsett um 100m ofan við Múlaveg við göngustíginn upp í Neðri-Botna. Tóftin er nokkuð heilleg og þjónar nú sem skjólveggur og leiksvæði fyrir gesti og gangandi. Veggjahæð er á bilinu 0.5-1.5m og veggjaþykkt mest um 1.5m. Við vesturenda norðurveggjar tóftarinnar stendur lítill, gróinn hóll. Tóftin er grasi vaxin en steinhleðslan er vel greinanleg í innri vegg. Á loftmynd frá 1955 sést mannvirkið uppistandandi með bárujárnsþaki.



**Mynd 22. Matjurtagarður [3198-538].**

## Matjurtagarður [3198-538] jarðræktarsvæði

Matjurtagarður er staðsettur suðaustan við tóft [536] rúma 100m ofan við Múlaveg við göngustíginn upp í Neðri-Botna. Minjarnar voru nokkuð illgreinanlegar á vettvangi en á loftmynd frá 1955 má sjá þær greinilega. Ekki sáust almennilegir veggir á vettvangi en sjá mátti móta fyrir lögulegri dæld.



**Mynd 23. Tóft [3198-537].**

## Óþekkt [3198-537] tóft

Grasi vaxin tóft er suðvestan við matjurtagarð [538], staðsett um 70m ofan við Múlaveg, nokkru innan við gönguleiðina upp í Neðri-Botna. Tóftin er 6.5-7.5m að stærð með einu rými og útgang til norðurs. Veggjahæð í tóftinni er á bilinu 0.3-0.5m og þykkt veggja um 1-2m.

## Hús [3198-562] húsgrunnur

Uppistandandi hús sést á loftmynd frá 1955 og hefur grunnurinn verið um 6,4x4,8 m að stærð. Húsið hefur verið sunnan við tóft [537]. Ógreinilegar minjar sjást um þennan grunn.

## Matjurtagarður [3198-563] garðlög

Tvö garðlög sjást á loftmynd frá 1955. Þau eru enn þá sýnileg, liggja samhliða með stefnu suðvestur – norðaustur og hafa líklega myndað girðingu kringum matjurtagarð. Hann er um 13x13 m að stærð.




**Kort 15. Tóftir [556] og [560].**



**Mynd 24. Útihúsatóft [556].**

## Útihús [3198-556] tóft

Sunnan við þar sem matjurtagarður [563] var staðsettur hefur varðveist tóft frá útihúsi. Það hefur verið hlaðið úr grjóti og torfi og eru grjóthleðslur mjög greinilegar í innanverðum veggjum. Tóftin er um 8x6,5 m að stærð og snýr austur – vestur. Inngangur er austan megin. Uppistandandi hús sést á loftmynd frá 1955 á þessum stað.



**Mynd 25. Tóft [560].**

## Útihús [3198-560] tóft

Vestan við tóft [556] er einföld tóft úr torfi og grjóti. Hún er um 6,4x5,5 m að stærð. Þak og veggir hafa hrunið og liggja bárujárn, timbur og grjóthröngl inni í henni. Á loftmynd frá 1955 sést uppistandandi hús á þessum stað.



**Mynd 26. Horft beint niður á tóftir [561] t.v. og [564] t.h. Aflanga tóftin sést t.v. og aðra tóft má ef til vill greina t.h.**

## Óþekkt [3198-561] og [564] tóftir

Sunnan við tóftir [556] og [560] eru ógreinilegar minjar sem sjást betur á flygildismynd og loftmynd en á vettvangi. Annars vegar virðist mega sjá nokkuð stóra tóft [561] sem hefur verið hlaðin úr grjóti og torfi. Hún er lítið gróin en þýft í kring. Tóftin snýr norðaustur – suðvestur og er innanmálið um 27 x 5 m. Utanverð lengd er 29 m en breidd 7.6m. Þessi aflanga tóft minnir svolítið á skála en er þó sennilega of mjó. Út frá vesturhliðinni er minna rými eða tóft sem líklega er stök. Nokkru lengra í vestur virðist mega greina tóft [564] sem er um 20x9.5m að stærð. Minjarnar hafa verið skráðar áður með skráningarnúmerið NM-249-48 og var staðurinn þá kallaður Þórsmörk.[2] Ekki er ljóst af hverju tóftirnar eru en þær eru vafalaust fornar og hafa mikið minjagildi. Mikilvægt að beina framkvæmdum frá þeim.

[2] Bjarki Borgþórsson og Ólafur Pétursson, 2009, 36.



**Mynd 27. Stekkur [565].**

## Stekkur [3198-565] tóft

Austan við minjar [561] og [564] er tóft af stekk. Tveir veggir liggja út frá kletti sem myndar þriðja vegginn. Þeir eru alveg yfirgrónir grasi en væntanlega hlaðnir úr torfi og grjóti og ná 0,3-0,6 m hæð. Tóftin er um 4,5 x 5,2 m að stærð og opnast í austur. Sennilega hefur þetta verið stekkur. Hann hefur nokkurt minjagildi.

## Sölvabotnar [3198-566] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Botnar, Sölvabotnar: Hvilft allmikil í Suðurfjallið, þar er melhryggur alllangur, þar kvað vera heygður Sölvi nokkur, sem á að hafa verið tengdasonur Bjólfs.“[3] Engin ummerki eru þó um haug Sölva á vettvangi og eini tengdasonurinn sem nefndur er í Landnámu er Án hinn rammi sem fékk Helgu Bjólfsdóttur.[4]

[3] Ö-Fjörður JJ, 2.
[4] *Íslenzk fornrit*, I, 1968, 306.




**Kort 16. Staðsetning horfinna húsa [539], [540]  [541] t.v.**



**Mynd 28. Þar sem hús [539], [540] og [541] stóðu er nú þýft svæði.**




**Kort 17. Hús [539], [540] og [541] á loftmyndinni árið 1955.**

## Hús – braggar [3198-539], [3198-540] og [3198-541] heimild

Á loftmynd af svæðinu frá 1955 sjást þrjú uppistandandi hús í íbúðarhúsahverfi vestan megin á svæðinu. Sennilega hafa þetta verið hús frá hernum. Engin ummerki um mannvirkin sáust á vettvangi.

## Samantekt og niðurstöður

Samtals voru skráðar 55 minjar á svæðinu. Þar af eru 33 sýnilegar á vettvangi en 22 eru horfnar eða einungis þekktar af heimildum. Af 33 varðveittum minjum má telja fjórar til herminja og að auki hafa fjögur horfin hús mögulega tengst hernum.

Syðst á svæðinu fundust merkar minjar sem eru mjög ógreinilegar og að öllum líkindum fornar. Um er að ræða þústarsvæði með að minnsta kosti tveimur tóftum og er önnur aflöng eins og skáli [561] en hin [564] nokkuð minni. Sennilega eru fleiri tóftir á svæðinu. Tóftirnar hafa ótvírætt mikið minjagildi og þarf að gæta sérstakrar varúðar í kringum þær. Austan við þær er tóft af stekk [565] sem hlaðinn er utan í klett og hefur nokkurt minjagildi. Þá eru á svæðinu varðveittir vatnstankar eða brunnhús [527] með steyptum járnlokum sem gætu verið frá tíma fyrstu vatnsveitunnar á Seyðisfirði sem var lögð við upphaf 20. aldar. Þessar minjar hafa töluvert minjagildi.

Aðrar minjar eru hins vegar ómerkilegar og hafa lítið minjagildi. Þótt þær séu taldar með fornleifum má efast um að þær séu allar svo gamlar.

Augsýnilega hefur á svæðinu farið fram mikil grænmetisræktun því skráðir voru sjö matjurtagarðar varðveittir á vettvangi: [513], [514], [515], [523], [524], [538] og [563]. Auk þeirra voru skráðir sjö horfnir matjurtagarðar sem sjást á loftmyndum árin 1955 og 1959: [517], [551], [512], [522], [528], [525] og [533]. Á svæðinu voru jafnframt skráðar sex sýnilegar grjóthrúgur, [548], [549], [547], [557], [546] og [545], sem líklega hafa myndast við grjóthreinsun úr matjurtagörðunum. Sennilega eru sumar þessar minjar yngri en 100 ára og því ekki fornleifar. Þetta á við bæði um matjurtagarðana og grjóthrúgurnar. Minjagildi er lítið.

